



Fyrirspurn borgarfulltrúa Miðflokksins, 2. nóvember 2018

Hvað hefur Strætó bs. greitt Nýtækni/Prime tours frá því þeim var bætt inn í rammasamning um ferðapjónustu fatlaðra án útbóðs í febrúar 2015 allt til gjaldþrots þess í október 2018?

Framsal á rammasamningi er heimild samkvæmt ákvæði í útbóðsskilmálum og raskar ekki lögmætum hagsmunum annarra rammasamningshafa, enda eiga þeir ekki rýmri rétt til aksturs en leiða af samningum þeirra.

Heildargreiðslur:

2015	163.476.923	frá febrúar
2016	271.766.767	
2017	228.949.138	
2018	168.722.577	til október
Samtals:	832.915.405	

Hvað kostar að reka þjónustuver Strætó bs. í Mjódd? a. 2014? b. 2018?

Kostnaður við sameiginlegt þjónustuver Strætó og akstursþjónustufatlaðra		
2014	186.307.000	Akstursþjónustan í RVK hluti af starfseminni
2018	209.422.363	Akstursþjónusta á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog
Árið 2014 er á verðlagi þess árs		
Uppgjör 30.09 2018, uppfært á ársgrundvöll		

Hvað kostaði hver ferð fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks í þjónustuverinu í Mjódd annars vegar 2014 og hins vegar 2018?

Fjöldi ferð 2014 (Reykjavík) var um 290 þúsund ferðir – kostnaður þjónustuvers deilt niður á hverja ferð í akstursþjónustunni er kr. 642,-

Fjöldi ferða 2018 (Höfuðborgarsvæðið fyrir utan Kópavog) var um 408 þúsund ferðir – kostnaður þjónustuvers deilt niður á hverja ferð í akstursþjónustunni er kr. 513,-

Hvað eru margar ferðir á ári sem ferðapjónusta fatlaðs fólks sinnir?

Akstursþjónusta fatlaðs fólks fer um 408 þúsund ferðir á ári.

Hvað kostaði standsetning þvottastöðvar fyrir Strætó bs. að Hesthálsi 14?

Þvottastöðin sem og aðrar fasteignir að Hesthálsi 14, eru í eigu Reykjavíkurborgar og því er Strætó ekki með upplýsingar um kostnað við standsetningu þvottastöðvar aðrar upplýsingar er varða viðhald á húsnæðinu á Hesthálsi. Þvottastöðin var standsett/byggð þegar Strætó flutti starfsemi sína frá Kirkjusandi og upp á Hestháls 14 árið 2007.



Hvaða breytingar er verið að ráðast í að Hesthálsi 14 þar sem Strætó bs. er með starfsemi sína?

Reykjavíkurborg er eigandi Hestháls 14 og eru fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu á ábyrgð umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, best er að vísa þessari fyrirspurn til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar til að fá nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar og viðhald. Gert er ráð fyrir að Strætó flytji alla starfsemina sína í Mjódd fyrir utan miðasölu og kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra upp á Hestháls um mitt ár 2019.